



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

55. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn fimmtudaginn 27. nóvember 1980 og hófst hann kl. 20³⁰. Fundinn sóttu:

Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Hreinn Ásgrímsson, Jón Hólmgeirsson, Oddbergur Eiríksson, Sævar Guðbergsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, Sæmundur Valdimarsson, fulltrúi nemenda og Valtýr Guðjónsson, ritari.

Þetta var tekið fyrir:

1. Reglugerðamál.

Skólameistari lýsti nýgerðum breytingum á reglugerð um atvinnuflugnám, og afhenti hann ljósrit af núgildandi ákvæðum. Nefnd, skipuð af samgöngumálaráðherra, undirbjó breytingarnar. Formaður hennar var Birgir Guðjónsson, deildarstjóri í því ráðuneyti, en aðrir nefndarmenn Pétur Einarsson og Skúli Jón Sigurðarson frá flugmálastjórn og Jóhannes Georgsson og Jón Böðvarsson frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. (Sjá fylgiskjal). Skólameistari lýsti einnig nýrri reglugerð um Sjúkraliðaskóla Íslands. Hún felur í sér þá breytingu að Sjúkraliðaskólinn sér framvegis um lokapátt þess náms, en rétt til inntöku hafa nemendur sem lokið hafa prófi á tveggja ára heilsugæslubrautum framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) eða sambærilegu prófi. Námstími í Sjúkraliðaskólanum verður 40 vikur- þar af verða 34 vikur verkleg þjálfun á sjúkrastofnunum. (Sjá fylgiskjal). Einnig skýrði skólameistari frá því að drög að nýrri reglugerð um iðnfræðslu væru nú til umfjöllunar hjá starfshópi skipuðum fulltrúum frá menntamálaráðuneyti, Iðnfræðsluráði og Sambandi iðnfræðsluskóla á Íslandi.

2. Skólameistari upplýsti að menntamálaráðuneytið hafi heimilað fjölbrautaskólunum á Akranesi, Sauðárkróki og Suðurnesjum að starfrækja meistaraskóla í byggingagreinum: húasmíði, múrsmíði og pípulögnum. Sagði hann að undirbúningi miðaði ekki sem skyldi, en hraða þyrfti undirbúningi mjög vegna þess að hefja þurfi kennslu hér í janúarmánuði 1981. Samþykkt var að auglýsa meistaraskólann og hefja kennslu í upphafi vorannar fáist næg þátttaka.

3. Formaður skólanefndar afhenti fundarmönnum skýrslu þá er hann flutti nýverið á fundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um starf Fjölbautaskóla Suðurnesja á árinu 1979. (Sjá fylgiskjal).

4. Skólameistari tilkynnti að haustannarpróf verði dagana 2.-12. desember, prófsýni- og valdagur 16. desember og skólaslit föstudaginn 19. desember kl. 16⁰⁰ í nýja íþróttahúsinu í Keflavík. Kynnir verður Ingólfur Halldórsson, en undirbúning annast Sturlaugur Björnsson og Sævar Helgason. Eiríkur Alexandersson flytur ávarp af hálfu SSS. Leitað verður aðstoðar Tónlistarfélagsins í Keflavík um tónflutning við þetta tækifæri.

5. Rædd var réttarstaða FS varðandi aðild að íþróttahúsi Keflavíkurbæjar. Gunnar Sveinsson greindi frá fundi skólastjórnenda og forystumanna íþróttasamtaka í Keflavík sem nýlega var haldinn. Þar kom glögglega fram að nauðsynlegt er að góð samvinna takist með öllum sem nota þurfa húsið til þess að nýting þess verði hagkvæm. Fyrirsjáanleg eru nokkur vandkvæði meðan búningsklefar eru aðeins tveir, en fjórir eiga þeir að verða í framtíðinni. Talið var sjálfsagt að hafa sem besta samvinnu við stjórn hússins varðandi stundatöflugerð. Ingólfur Halldórsson sagði frá vígslu íþróttahússins.

6. Skólameistari skýrði frá að Einar Gunnarsson hafi þegar rýmt að fullu verknámshúsið að Iðavöllum 1. Er því unnt að flytja tréiðnabrutina þangað fyrir vorönn 1981. Unnið er að kaupum á auknum vélabúnaði í húsið. Skólameistari benti á nauðsyn þess að fá verulega hækkun á framlagi ríkisins til stofnkostnaðar og stofnbúnaðar inn í fjárlagafrumvarp fyrir árið 1981.

7. Valtýr Guðjónsson lagði fram yfirlit um rekstrarkostnað skólans pr. 19. nóvember s.l. Nemur hann þá kr. 121.303.000,00. Ársáætlun var kr. 125.000.000,00- hundraðtuttuguogfimm milljónir. Hann lagði einnig fram yfirlit um stofn- og byggingarkostnað (fjárfestingu) skólans eins og hún er bókuð frá áramótum til 19.nóvember. Upphæðin er 67.243.000,00, en áætlun fyrir árið er 68.000.000,00. Kaupverð Iðavalla 1 er ekki inni í þessari tölu. Reikningsyfirlitin voru afhent skólanefndarmönnum á fundinum. (Sjá fylgiskjal). Hlutur ríkissjóðs er enn vangreiddur að hluta bæði í rekstrar- og stofnkostnaði, en sveitarfélögin hafa að mestu staðið við sinn hlut hingað til. Sum hafa greitt allt sitt framlag miðað við áætlun.

8. Nokkuð var rætt um áformaðar en ógerðar breytingar á innrétt-
ingu í matstofu nemenda, og lagði skólameistari fram tillögu-
uppdrátt sem nefndarmenn lýstu sig samþykkan. Þá var og rætt um að
fullgera skrifstofu skólans samkvæmt teikningu sem þegar hefur verið
gerð. Í athugun er hvort framkvæmd reynist gerleg. Lögð var fram
skýrsla frá Öryggiseftirliti ríkisins varðandi kennsluaðstöðu að
Iðavöllum 1. Er þar vísað til reglugerðar nr. 225/1975 sem fylgja
ber um búnað allan og frágang.

9. Önnur mál.

Fjallað var um átta eftirtalin mál undir þessum dagskrárlið:

- a) Samþykkt var að hafa verklega kennslu á hársnyrtibraut á
vorönn í verknaðshúsinu að Iðavöllum 1.
- b) Skólameistari skýrði frá að nemendur hefðu áhuga á kórstofnun.
Samþykkt var að auglýsa starf kórstjóra.
- c) Skólameistari upplýsti að "þróunarnefnd" væri starfandi og
kvaðst vanta skýrslu frá henni innan skamms.
- d) Skólameistara var falið að rita menntamálaráðuneytinu bréf og
farapess á leit að Héðinn Skarphéðinsson verði ráðinn í fullt
kennarastarf við skólann.
- e) Samþykkt var að kaupa af Jóni Böðvarssyni um 200 bækur í bóka-
safnið fyrir 5000 króna meðalverð. Er hér um að ræða bækur um
heimspeki og málfræði, æðrabækur, alfræðibækur, tímarit og
nokkrnokkrar bækur almenns efnis. Valtýr bauðst til þess að leggja
fram skrá um rit þessi. Taldi hann kaup þessi mjög hagstæð.
- f) Rædd voru vandkvæði á innheimtu aksturskostnaðar fyrir flug-
liðakennara hjá samgöngu- eða menntamálaráðuneyti. Skólameist-
ara og formanni skólanefndar var falið að leggja málið fyrir
menntamálaráðherra.
- g) Spurt var hvað liði fyrirhuguðum flutningi "tölvuvinnslu" í
Sparisjóðinn í Keflavík. Skólameistari taldi líklegt að
stundaskrárgerð fyrir vorönn gæti farið fram þar, en bið yrði
á að námsferilsskráning yrði flutt þangað.
- h) Kjörin var nefnd til þess að vinna að því að starfssvið skóla-
nefndar verði skilgreind í reglugerð. Í hana völdust Gunnar
Sveinsson, Hreinn Ásgrímsson og Sævar Guðbergsson.

Fleira var ekki gert, en fundi slitið. Að honum loknum skoðuðu
skólanefndarmenn hið nýreista íþróttahús Keflavíkurbæjar.

Valtýr Guðjónsson og Jón Böðvarsson samdu fundargerðina.